

LESBÓK MORGUNBLAÐSINS 1943

Sannanir fyrir

lífi eftir dauðann

**Sbr. orðaskifti K. Ísfelds og síra Kristins
Daníelssonar í Alþýðublaðinu.**

Ritað í janúar.
Helgi Pjeturss.

Pað er ekki erfitt að skilja óbeit margra þeirra á trúarbrögðunum, sem áhuga hafa á vísindum. Með sigri kristindómsins færðist andlegt myrkur yfir löndin, sem verið höfðu aðalstöðvar vestrænnar menningar. Trúin á það, að helgirit Gyðinga væru guðs orð, þ. e. samin af sjálfum Guði, reyndist hin skaðlegasta fyrir mannlega þekkingarleit. Háskólarnir í Apenuborg og Alexandríu, sem eldri voru orðnir en nokkrir þeir háskólar, sem nú eru til, voru lagðir niður, og sagnfræðingarnir nefna aldir hinnar einvöldu trúar, beinlínis myrkraaldirnar, the dark ages. Og þegar loksins fór að rofa til, ofsótti kirkjan af hinni mestu grimd mennina sem tóku aftur að leita þeirrar þekkingar, sem öllu mannkyni er svo nauðsynleg.

Til þessa, sem vikið var á, er að miklu leyti að rekja þá óbeit, sem margir hafa á öllu tali um líf eftir dauðann. Því að slíkt hafa menn talið einungis trúaratriði. En það er þó misskilningur. Jeg er á sama máli og A. R. Wallace, Sir Oliver Lodge og fleiri merkir vísindamenn, um það, að ekki verði með skynsemd efast um líf eftir dauðann. Þá er einnig óhætt að nefna Sir William Crookes, sem var hinn mesti ágætismaður, og vísindamaður í fremstu röð. Því verður heldur ekki neitað, að sumt

sem gerst hefir á miðilsfúndum, er auðskýrt, ef menn líta svo á, að um samband við framlíðinn hafi verið að ræða, en óskiljanlegt að öðrum kosti. Þýskur spíritisti, sem jeg man því miður ekki hvað hjet, segir t. d. frá því, að af munni miðils talaði eitthvert sinn einhver, sem kvaðst hafa verið tónskáld, og lifað á 18. öld. Sagði hann margt af ævi sinni og verkum. Enginn viðstaddur kannaðist við manninn, eða hafði heyrt getið um verk hans. Með mikilli fyrirhöfn tókst þó að grafa það upp, að flest var það rjett, sem hinn sofandi miðill hafði sagt um mann þenna, svo sem væri það hann sjálfur sem talaði.

Annað dæmi skal nefnt, þar sem jeg þarf ekki að treysta á minnið. Til er eftir franskan málara, P. E. Cornillier, þykk bók sem heitir: La Survivance de l'Ame et son évolution apres la mort. (Líf og þróun sálarinnar eftir dauðann). Er margt í bók þessari mjög fróðlegt. Þar segir (s. 494 og síðar) frá því, að miðillinn talar eitthvert sinn svo sem væri hún framlíðin kona. Segir kona þessi margt af sjer, hvenær hún hafi dáíð, hve gömul, hvað hún hjet, hvar hún átti heima, hvað hún stundaði, hvað varð hennar banamein. Hún segir af syni sínum, manni, og presti, sem verið hafði vinur hennar eftir að hún skildi við

manninn. Málaranum, konu hans, og einnig miðlinum, var þessi framliðna kona algerlega ókunn. Þó tókst þeim hjónunum að komast að því, að alt var það satt og rjett, sem miðillinn hafði sagt, svo sem kona þessi talaði af vörum hennar: „Tout, absolument tout, est exact en tous points“, segir Cornillier, (s. 506). Fyrir mjög skrítna tilviljun komst C. jafnvel að því, að það stóð heima sem hún hafði sagt um prestinn.

II.

Svona mætti halda áfram lengi. En þó ríður meira á því, að reyna að fá menn til að skilja, hversu alt þetta mál horfir gersamlega öðruvísi við, þegar fundið er eðli svefns og drauma. Allir menn eru miðlar. Miðils-ástandið er manninum eins eiginlegt og t. d. andardrátturinn. Hinn svonefndi andamiðill er öðrum frábrugðinn í því, að það má tala við hann þó að hann sofi, og fá þannig að vita hvað hann er að dreyma. Kemur þá í ljós, að þótt svo virðist sem tal að sje við hinn sofandi mann sjálfan, þá er það í raun rjettir draumgjafi hans, sem talað er við. Stundum, og að vísu ekki allsjalðan, segist þessi draumgjafi eiga heima í öðru húsi, annari borg, öðru landi, jafnvel annari heimsálfu, og hefir nokkrum sinnum, með eftirgrenslan tekist að hafa uppi á draumgjafanum og ganga úr skugga um, að það var rjett sem sagt

var, og að ekki var um „anda“ framliðins að ræða, heldur lifandi mann. Miklu fleiri eru þó þeir draumgjafar, sem menn hafa haft tal af á miðilsfundum, er segjast vera framliðnir. Kemur þessi miðilreynsla vel heim við vora eigin drauma, því að ef vjer athugum nógu vel, verður oss fullkomlega ljóst, að oss dreymir nálega altaf það sem er oss ókunnugt úr vöku. Og eigi einungis það, heldur er oft hægt að átta sig á því, að það sem oss dreymir, er ekki til á þessari jörð. Eða með öðrum orðum, að draumgjafi vor á heima á einhverri annari jarðstjörnu alheimsins. Það er vísindaleg staðreynd, sem aldrei mun verða haggð, að í svefni höfum vjer samband við lífið í öðrum stöðum þessa svo furðulega mikla heims sólna og jarðstjarna. (Sbr. kaflann „Sannfræði og vanfræði um eðli drauma“ í bók minni Framnýal, 1941).

III.

Jeg hefi nú í 30 ár kynt mjer eftir því sem kostur var á, það sem eftir framliðnum er haft um lífið eftir dauðann, og er niðurstaða mín sú, að þar sje um mjög mikilsverðan fróðleik að ræða, ef lesið er með greind og gætni. Er næsta eftirtektarvert, hversu augljóslega framliðnir eru oft að reyna til að koma fram ýmsum fróðleik, sem mjög kemur í bága við rangar sannfæringar og þröngsýni þeirra, sem

þeir eru að reyna að fræða. Eitt það, sem mjög þrálátlega er reynt að fræða um, er að framliðnir sjeu ekki andar, heldur líkamlegar verur og jarðneskar, líkaminn endurskapaður á einhverri annari jarðstjörnu alheimsins. Talsvert gaman er að framliðnum, sem lýsa yfir algerðu trúleysi á líf eftir dauðann; en slíkir eru til, og hafa ekki áttað sig á því, að þeir eru framliðnir. Þá eru sumir, sem miklir trúmenn höfðu verið hjer á jörðu, mjög óánægðir yfir því, að þeir hafa ekki fundið Guð og Krist, og að alt er öðruvísi en þeir höfðu ímyndað sjer.

Að átta sig á þessum efnum, er mjög þýðingarmikið. Vjer erum hjer á jörðu eins og á útjaðri, þar sem verið er að reyna til að vaxa fram, en gengur mjög illa, svo að jafnvel er hætta á, að þessi tilraun til að koma hjer upp sigursælu lífi, muni með öllu mistakast; sakir þess hversu sambandið við fullkomnari lífstöðvar alheimsins er hjer ófullkomið.

IV.

Að endingu læt jeg koma hjer sögu, sem sýnir mjög fróðlega hversu erfitt er að koma fram jafnvel mjög augljósum sannindum, ef röngum fyrirframsannfæringum er að mæta. Sagan er sögð í fyrra bindinu af jarðfræði Reinhardts.

Sú var tíðin, að vísindamenn töldu það firru eina, að steinar

gætu fallið „af himnum“ ofan. Árið 1751 fjellu loftsteinar nálægt Agram, og grófust mannhæðardjúpt í jörð. Þeir voru grafnir upp og sendir náttúrusafninu í Vínarborg, ásamt skýrslu um fyrirburðinn. Árið 1790 skrifaði forstöðumaður safnsins í skýrslu þessa: „Það getur verið, að 1751 hafi jafnvel upplýst fólk á Þýskalandi, sakir hinnar þá ráðandi vanþekkingar í náttúrusögu og eðlisfræði, getað trúað því, að járn-molar kæmu af himni ofan. En á vorum dögum væri það ófyrirgefanlegt að ímynda sjer, að slíkar kynjasögur geti verið svo mikið sem sennilegar“.

Á þessu sama ári, 1790, kom niður loftsteinninn í Juillac á Frakklandi. Yfirvöldin ljetu um atburð þenna gera skýrslu, sem undirrituð var af 300 sjónarvottum. Skýrsla þessi var send vísindafjelaginu í París, og hendu menn þar mikið gaman að henni, og hinn kunni eðlisfræðingur Berthelon skrifaði um hana á þessa leið: „Hversu hryggilegt það er, að sjá heilt þorp votta þannig með lögmætri skýrslu, þjóðsögur sem menn eru aumkvunarverðir fyrir að leggja trún að á. Hvað á jeg frekar að segja um slíka skýrslu? Alt sem segja þarf, mun hver vísindalega mentaður lesandi geta sagt sjer sjálfur, þegar hann kynnir sjer þessa vottfestu skýrslu um atburð, sem augljóst er, að ekki hefir getað

átt sjer stað, og er á móti lög-
málum náttúrunnar“.

Fáeinum árum síðar, 1794,
gaf hinn ágæti eðlisfræðingur
Chladni, sem allir kannast við,
er einhverja kenslubók hafa les-
ið í eðlisfræði, út rit, þar sem
eðli þessara atburða sem Berthe-
lon hafði verið sannfærður um
að ekki gætu átt sjer stað, er
rjett skilið og skýrt. Varð
Chladni vegna rits þessa fyrir
allmiklu aðkasti, og einn af and-
stæðingum hans, Deluc að nafni,
sem var þó merkur vísindamað-
ur, er margt hafði vel athugað,
var jafnvel svo ákafur að hann
sagði: „Þó að jeg sæi slíkan
stein falla niður við fætur mjer,
mundi jeg að vísu játa að jeg
hefði sjeð það, en jeg tryði því
samt ekki“. En þó var þess nú
skamt að bíða, að mönnum skild-
ist, að Chladni hafði rjett
fyrir sjer. Einn af nafnkunn-
ustu eðlisfræðingum þeirra tíma,
Biot, gekk í lið með honum, og
aðrir komu svo á eftir.

V.

Mjer virðist saga þessi býsna
fróðleg, og af henni má marka,

að blaðamönnum (og öðrum) er
ekki svo mjög láandi, þó að þeir
sjeu svo heimtufrekir á sann-
anir fyrir framlífi, eða m. ö. o.,
fari svo langt í að meta full-
gildar sannanir einskis, að ár-
angurinn verður ekki aukin
viska, heldur vanþekking og fá-
viska.

Leiðirnar til að sannfærast um
að lífið hjer á jörðu er aðeins
byrjun, eru margar, enda væri
þetta bágborinn heimur, ef svo
væri ekki, og bölsýnismennirnir,
sem hafa haldið því fram, að
lífið sje það sem ekki ætti að
vera, hefðu þá fullkomlega rjett
fyrir sjer.